

## Kaupsamningur og afsal

### Undirritaðir aðilar,

Afsalsgjafi **Bændur ehf.**, kt. 631202-5189, Botni, 430 Suðureyri (hér eftir „seljandi“) og  
Afsalshafi **Fjallaból ehf.**, kt. 611216-1060, Frjóakri 5, 210 Garðabæ, (hér eftir „Kaupandi“)  
gera með sér svofelldan kaupsamning og afsal, þar sem seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa  
neðangreinda fasteign(lóð) sbr. ákvæði kaupsamnings þessa.

1 gr.

#### *Hið selda*

Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa lóðina Ból (heiti staðarfangs) með fasteignanúmer  
F2504288 og landeignanúmer L228016, póstnúmer 426 Flateyri ásamt öllu því sem eigninni fylgir og  
fylgja ber. Lóðin er skráð 5.817 fermetrar að stærð.

Nánar tiltekið er um að ræða nýstofnað sumarbústaðaland sem áður var hluti af jörðinni Selakirkjuból  
1, 426 Flateyri. Hnit landamerkja og afstöðumynd má sjá í fskj. Nr. 1.

Lögbýlisréttur fylgir áfram jörðinni Selakirkjuból 1 en ekki hinu selda.

2 gr.

#### *Ástand hins selda og veðbönd*

Hið selda sbr. 1. gr. er selt í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við að öllu  
leiti.

Engin veðbönd hvíla á fasteigninni / lóðinni, sbr. veðbandayfirlit dags 12.3.2019 sem liggur frammi  
við undirskrift kaupsamnings/afsals þessa og aðilar hafa kynnt sér.

4. gr.

#### *Afhending og nýting hins selda*

Afhending hins selda skal fara fram við undirritun kaupsamnings og afsals þessa. Frá þeim tíma nýtur  
kaupandi alls arðs af hinu selda og greiðir af því skatta og skyldur.

5. gr.

#### *Kaupverð og greiðsla kaupverðs*

Umsamið kaupverð fyrir hið selda er krónur 1.000.000 -skrifað einmilljónkróna. Fullnaðaruppgjör  
milli aðilar hefur farið fram vegna hinnar afsöluðu eignar og er kaupverð að fullu greitt.

6. gr.

#### *Úrlausn ágreiningsefna*

Kaupsamningur / afsal þetta lýtur íslenskum lögum. Aðilar eru sammála um að komi til ágreinings á  
milli þeirra, skuli þeir af fremsta megni leitast við að jafna allan ágreining með samkomulagi sín á  
milli. Ef það ber ekki árangur, eru þeir sammála um að fjalla ekki um ágreininginn í fjölmiðlum  
heldur reka mál um hann fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

7. gr.

#### *Ýmis ákvæði*

Kaupsamningur /afsals þetta er gert í þremur samhljóða eintökum og skal hvor aðili halda eftir einu  
eintaki, og eitt til þinglýsingar.

Allar breytingar á kaupsamningi þessum skulu vera skriflegar og samþykktar af öllum aðilum þessa  
samnings.

Allar tilkynningar sem aðilar senda sín á milli og ætlað er að hafa réttaráhrif samkvæmt kaupsamningi  
/ afsali þessu skulu vera skriflegar.

LB.   
BB.

Um réttarsamband aðila kaupsamnings / afsals þessa og réttindi þeirra og skyldur gilda lög um fasteignakaup nr. 40/2002, nema að því leyti sem kaupsamningurinn kann að hafa að geyma skýr frávik frá þeim um einstök atriði

**Samkvæmt framansögðu lýsir afsalsgjafi því hér með yfir að afsalshafi sé réttur og löglegur eigandi að fasteigninni / lóðinni Ból með fasteignanúmer F2504288 og landeignanúmer L228016, pósthúsnúmer 426 Flateyri, ásamt öllu því er eigninni fylgir og fylgja ber.**

Öllu framanrituðu til staðfestu undirrita afsalsgjafi og afsalshafi Kaupsamning/afsal þetta í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Ísafirði 12.3.2019

f.h. Bændur ehf.

*Innvarar Björnsdóttir 189972-2959*  
*Björn Björnsdóttir 069786-2609*

f.h. Fjallaból ehf.

*Friðstinnur H. Hinriksson*  
*240984-4589*

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila.

*Mikael Arnarson*

Nafn

*290485 2749*

kt.

*Kristján Óskar Ásvaldsson hll.*

Nafn

*161186-39 201*

kt.

*[Handwritten signature]*